

**Nd.**

**41. Frumvarp til laga**

[41. mál]

um breyting á lögum nr. 28 1973, um dvalarheimili aldraðra.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson.

**1. gr.**

7. gr. laganna orðist svo:

Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkvæmt lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða 1/3 hluta kostnaðar við bygginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar. Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er ríkissjóði heimilt að greiða allt að 1/3 hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Úr gildi fellur IV. kafli l. nr. 94/1975, um breyt. á l. vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

**Greinargerð.**

Árið 1973 voru sett lög um dvalarheimili aldraðra, og var þar gert ráð fyrir, að ríkið greiddi þriðjung af kostnaði við byggingu þeirra, tæki og búnað.

Árið 1975 var þetta ákvæði numið úr lögum og átti það að heita liður í skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga, að hin síðarnefndu bæru kostnað dvalarheimilanna að fullu.

Þessi skyndilega breyting hefur valdið sveitarfélögum margvislegum erfiðleikum, enda var hún framkvæmd af nokkurri harðneskju, og sátu sveitarfélög uppi með kostnað, sem þau höfðu stofnað til í góðri trú á hlut ríkisins samkvæmt lögum.

Það eru veigamikil rök í þessu máli, að á höfuðborgarsvæðinu eru reist stór og myndarleg dvalarheimili fyrir happdrættisfé, sem safnað er á öllu landinu í skjóli heimildar í lögum. Önnur sveitarfélög hafa ekki slíka tekjulind til að sinna þessu aðkallandi verkefni, og leggst það á þau með óviðunandi þunga. Er því réttlætismál að taka aftur upp ríkisaðstoð við þessar framkvæmdir eins og var í upphaflegu lögunum.